

# Zotero í Háskólanum í Reykjavík

1. Uppsetning.....	1
2. Zotero stillingar og setja inn APA / IEEE / OSCOLA staðalinn.....	3
3. Vista heimildir inn í Zotero.....	5
4. Nota Zotero í Word til að gera tilvísanir og heimildaskrá.....	6
5. Stofna aðgang hjá Zotero.org.....	7
6. Leiðbeiningar og hjálp.....	7

## 1. Uppsetning


**Áður en þú setur upp Zotero hjá þér, vertu búin/n að slökkva alveg á Microsoft Word (í Mac þarf að gera Quit til að endurræsa Word).**

Ef þú hefur áður verið með eldri útgáfu af Zotero uppsett hjá þér í Firefox, þá þarft þú að henda því út fyrst áður en þú setur upp nýju útgáfuna 5.0.


Mælt er sérstaklega með því að nota annað hvort Chrome eða Firefox vafrana með Zotero.

Farðu inn á <https://www.zotero.org/> í Chrome eða Firefox.

Smelltu á **Download**.



Náðu í nýjustu útgáfunni af Zotero fyrir það stýrikerfi sem þú ert að nota. Vefsíðan skynjar hvaða stýrikerfi þú ert að nota og sýnir þér aðeins download fyrir það.




EDA

Settu forritið upp eins og hvert annað forrit. Notast skal við default stillingar (ekki breyta neinu í uppsetningunni). Eftir þetta átt þú að vera með nýtt forrit í tölvunni þinn sem heitir **Zotero**. Þú þarft að hafa Zotero forritið opið til að vinna með það.


Næsta skref er að sækja **Zotero Connector** fyrir þann vafra sem þú ert að nota. Ef þú notar fleiri en einn vafra þá er hægt að sækja Connector fyrir þá flesta. Zotero virkar best með **Chrome** og **Firefox**.

Á sömu síðu og þú sóttir Zotero forritið sækir þú **Zotero Connector**. Zotero sýnir þér þann vafra sem þú ert að nota.



EDA

Samþykktu það sem vafurinn biður um þegar hann setur upp Zotero Connector. Eftir þetta skref þá átt þú að hafa lítinn Zotero vistunarhnapp efst í hægra horni vafrans. Fyrst þegar hnappurinn birtist þá getur verið að hann sýni Z-tákn. En þessi hnappur breytist eftir því hvaða síðu þú ert með opna.




## 2. Zotero stillingar og setja inn APA / IEEE / OSCOLA staðalinn

Apa og IEEE staðlarnir á ensku fylgja með Zotero.


Ef þú ert að skrifa á íslensku þá þarftu að sækja staðalinn sem þú átt að nota.

Farðu inn á <https://www.ru.is/zotero> og smelltu á Nýir staðlar flipann.

Í boði eru:




Til þess að vista nýjann staðal þarf að hægri smella á tengilinn og vista skrána. Passa þarf að skráin vistist sem **.csl** en ekki **.xml** eða **.html**. Ef skráin vistast t.d. **apa\_isl.csl.xml** þá þarf að endurnefna (rename) skrána og stroka út **.xml** þannig að skráin endi bara á **.csl**.




Best er að vista skrána á Desktop en það má eyða henni þegar búið er að hlaða staðlinum inn í Zotero.

Til að hlaða nýja staðlinum inn í Zotero þá þarftu að opna forritið og fara inn í stillingarnar.


Á Mac smelliru á **Zotero (efst í vinstra horninu á skjánum) – Preferences (eða Kjörstillingar)**  
Á Windows smelliru á **Breyta (Edit) – Valkostir (Preferences)**. Inn í stillinga-glugganum ferðu í **Cite (Tilvísun)** flipann og þar undir **Styles** þarftu að smella á + táknið og hlaða inn nýja staðlinum.



Við hliðina á Styles flípanum er **Word Processor** (ritvinnslur) flípi. Á þeirri síðu þarf að haka við **Use classic Add Citation dialog** (eða Nota hefðbundið... )




Ef viðmótið í Zotero er stillt á íslensku hjá þér þá er hægt að breyta því yfir í ensku með því að fara í Ítarlegt flípann og breyta tungumálinu í English. Það þarf að endurræsa Zotero til að breytingin gangi í gegn. Mælt er með því að hafa viðmótið í Zotero á ensku.




Til að vista þessar breytingar smella Windows notendur á OK en Makka notendur loka glugganum með rauða X-inu.

### 3. Vista heimildir inn í Zotero

Eftir þetta átt þú að sjá Zotero vistunar táknið efst í hægra horni vafrans fyrir aftan URL gluggann. Táknmyndin breytist eftir því hvaða vefsíðu þú ert að skoða.




Til þess að vista heimild inn í Zotero þarf að finna heimildina á netinu og smella á Zotero táknið. Zotero vistar þá vefslóðina og þær skráningarupplýsingar (meta data) sem eru læsilegar á síðunni. Ef þú ert til dæmis inn í gagnasafni að skoða tímaritsgrein, þá áttu að fá mynd af hvítu blaði með línunum á. Ef þú ert inn á Leitir.is eða öðrum síðum sem hafa upplýsingar um bækur, þá færðu upp bláa bókarkápu. Sama hvernig táknið lítur út, þá ertu á síðunni sem þú vilt vista og smellir á táknið sem kemur upp.




Dæmi um bók af Amazon

Til að vista PDF skjöl inn í Zotero þarf að opna skjalið í vafranum og smella á vistunar táknið. Þá vistast pdf skjalið inn í Zotero en með mjög takmörkuðum upplýsingum.




Þarna þarf að hægri-smella á pdf skjalið og velja **“Create Parent Item”** eða **“Búa til móðurfærslu”**. Þá býr Zotero til yfirskrá og setur pdf skjalið undir, en það þarf að lagfæra yfirskrána. Setja inn rétta tegund (item type) og fylla inn þær upplýsingar um þá heimild eins og staðlarnir segja til um.




## 4. Nota Zotero í Word til að gera tilvísanir og heimildaskrá

Ef allt hefur tekist í uppsetningunni þá á að vera kominn Zotero flipi inn í Word. Ef það er ekki Zotero flipi þá getur dugað að prófa að endurræsa Word. Ef það tekst ekki þá þarf í sumum tilfellum að fara aftur í gegnum alla uppsetninguna.



Athugið að þetta gæti litið eitthvað öðruvísi út í öðrum stýrikerfum og öðrum útgáfum af Microsoft Office.



**Add/Edit Citation** : setur inn tilvísun eða breytir tilvísun.


**Add/Edit Bibliography** : setur inn heimildaskrá eða breytir heimildaskrá.

**Document Preferences** : skipta um staðal.

**Refresh** : uppfærir Zotero gögn inn í skjalinu.

**Unlink Citations** : slítur á tengsl Zotero og Word í þessu skjali. Notist varlega.

Til þess að setja inn tilvísun er smellt á Add/Edit Citation. Í fyrsta skiptið sem þú setur inn tilvísun í nýju skjali þarftu að velja hvaða staðal þú ætlar að nota. Eftir að þú hefur valið staðal þá opnast tilvísana glugginn með öllum heimildunum þínum. Þar velur þú þá heimild sem þú ætlar að vísa í og þar er hægt að setja inn blaðsíðutal þegar það á við.



Með því að haka við „**Suppress**

**Author**“ þá kemur bara ártal í tilvísun skv. APA t.d. Í rannsókn eftir Beck og Prinz (2016) þá kemur fram að...

Til að setja margar heimildir inn í eina tilvísun þá skal velja „**Multiple Sources...**“ en þá opnast nýr gluggi hægra megin við heimildirnar í tilvísunarglugganum þar sem hægt er að velja margar heimildir í einu.

## 5. Stofna aðgang hjá Zotero.org

Mikilvægt er að stofna strax aðgang hjá Zotero.org til að það vistist öryggiseintak af öllum gögnunum sem sett eru inn í Zotero.

Það er gert með því að fara inn á Zotero.org og smella á Register efst í hægra horninu. Zotero sendir svo tölvupóst með tengli sem þarf að smella á til að virka aðganginn.

Þegar búið er að stofna aðgang þarf að setja aðganginn inn í Zotero forritið sjálfst. Það er gert með því að fara inn í **Preferences** (Valmöguleikar/Kjörstillingar) og í **Sync** flípanum (Samhæfa) þarf að setja inn nýstofnaða notendanafnið og lykilorðið.

## 6. Leiðbeiningar og hjálp

Inn á vef bókasafnsins er að finna mikið af leiðbeiningum fyrir Zotero <https://www.ru.is/zotero/>

Þarna er meðal annars hægt að sjá leiðbeiningar út frá þeim staðli sem verið er að nota.

Sjá:

- APA-Zotero leiðbeingar
- IEEE-Zotero leiðbeingar
- OSCOLA-Zotero leiðbeingar